

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

44. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022 4.2.2022

Árið 2022, föstudaginn 11. febrúar 2022 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Elsa. G Hólm Borgarsdóttir, Karl Guðmundur Kjartansson og Ragnheiður Baldursdóttir í fjarfundi.

Asgeir Hölm

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Með vísan í innkomið erindi frá SHS um gamla slökkvibílin samþykkir sveitarstjórn að bílinn og setja þess í stað dælubúnað á kerru inn í Djúp.

verðiseldur

2. Fundargerð 25. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 9.2.2022.

Sveitarstjóra falið með vísan til 2. liðar á dagskrá fundargerðarinnar að knýja á um nýjan samning við Vegagerðina um veghald. Þá bendir sveitarstjórn á varðandi 5. lið í fundargerðinni að skoða þarf kostnað vegna deiliskipulags og veituframkvæmda þar sem um er að ræða skipulagða hesthúsabyggð en ekki frístundabyggð. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingafulltrúa að kanna lagnateikningar og áætlaðan kostnað vegna fyrirhugaðrar frá- og aðveituvinnu fyrir svæðið. Með vísan til 6. liðar fundaregrðarinnar felur sveitarstjórn sveitarstjóra að fá afstöðu og rök Umhverfisstofnunar varðandi útgáfu eldisleyfis innan helgunarsvæðis Súðavíkurhafnar samkvæmt hafnareglugerð frá 18. ágúst 2005.

Fundargerð samþykkt án annarra fyrirvara.

3. Gjaldskrárbreytingar, aðalgjaldskrá og gjaldskrá byggingarfulltrúa, frestað frá 43. fundi sveitarstjórnar dags. 14.1.2022.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi:

Gjaldskrá fyrir söfnun, förgun og móttöku sorps í Súðavíkurhreppi, dags. 11.2.2022.

Gjaldskrá vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Súðavíkurhreppi dags. 11.2.2022.

Gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimtaugargjald í Súðavíkurhreppi dags. 11.2.2022.

Gjaldskrá fyrir fráveitu í Súðavíkurhreppi dags. 11.2.2022.

Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld, stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsa og byggingaleyfisgjöld í Súðavíkurhreppi dags. 11.2.2022.

Samþykkt um sorphirðu í Súðavíkurhreppi dags. 11.2.2022.

SK AHA  
KBK EIB

4. Þriggja ára fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2022-2025, frestað frá 43. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps dags. 14.1.2022.  
Sveitarstjórn samþykkir áætlunina án fyrirvara.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:35

Karl Guðmundur Kjartansson

*Karl G. Kjartansson*

Elsa G. Hólm Borgarsdóttir

*Elsa G. Hólm Borgarsdóttir*

*Ásgeir Hólm Agnarsson*  
Ásgeir Hólm Agnarsson

Ragnheiður Baldursdóttir

*Samúel Kristjánsson*  
Samúel Kristjánsson  
oddviti